



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að hætta að kalla eftir og vinna miðlægt úr niðurstöðum stærðfræðiskimunar í 3. bekk

Lagt er til að hætta að kalla eftir og vinna miðlægt úr niðurstöðum stærðfræðiskimunar í 3. bekk með Talnalykli. Send verði hvatning til nýrrar stofnunar menntamála um að flýta þróun matsaðferða og nýs heildstæðs matskerfis í stærðfræði fyrir alla grunnskóla í landinu.

Greinargerð:

Stærðfræðiskimun með Talnalykli hefur verið lögð fyrir nemendum í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkurborgar frá árinu 2003 skv. ákvörðun þáverandi fræðsluráðs. Aukin gagnrýni hefur verið á skimunina undanfarin ár og dregið úr þátttöku í skimuninni ár frá ári.

Gagnrýni á skimunina hefur einkum falist í að margir kennarar telja að fyrirlögn skimunarinnar sé of tímafrek í þeim skólum þar sem margir nemendur þurfa að fara í gegnum fleiri en eitt þrep skimunarinnar og að niðurstöður nýtist ekki sem skyldi til að bæta nám og kennslu í stærðfræði. Einnig hefur verið bent á að skimunin sé úrelt og ekki í takt við þær áherslur sem eru í stærðfræðihluta gildandi aðalnámskrár og að ýmis hugtök og tungumál stærðfræðinnar hafi breyst í tímans rás.

Málið var tekið fyrir á fundi með fagstjórum grunnskóla tóku. Fagstjórar lögðu áherslu á að mikilvægt sé að námsmat í stærðfræði nýtist til að bæta nám og kennslu í greininni og að það að skima börn snemma í stærðfræði falli vel að áherslu farsældarlaganna um snemmtæka íhlutun. Fagstjórar bentu á að Talnalykillinn væri eina staðlaða tækið sem hefur verið í boði til að meta stöðu barna í stærðfræði.

Ný stofnun sem tekur við hlutverki Menntamálastofnunar er í burðarliðnum og á hún að tryggja gæði menntunar og aðgengi allra nemenda, foreldra og starfsfólks skóla að samþættri, heildstæðri skólalþjónustu á leik, grunn- og framhaldsskólastigi. Fagstjórar mæltu með að beina því til nýrrar stofnunar að beita sér fyrir kynningu á matsaðferðum og þróun á nýju heildstæðu matstæki eða -kerfi í stærðfræði til samræmis við gildandi aðalnámskrá og sem nái til allra aldurshópa grunnskólans. Jafnframt er lagt til að hvetja til umræðu í borgarhlutum um hvernig við metum stöðu nemenda í stærðfræði og hvort kennarar eru að nota önnur matstæki eða matsaðferðir sem gefi jafn góðar eða betri upplýsingar um stöðu nemenda í stærðfræði, s.s. matslista og hvernig aðferðir leiðsagnarmats nýtist við stærðfræðinám og -kennslu.

Vakin er athygli á að skólar hafa þann möguleika að leggja Talnalykilinn fyrir þó svo að niðurstöðum sé ekki skilað til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.